

Föstudagur, 14. janúar, 2011

Ákvörðun nr. 1/2011

Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 21. september 2010 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um yfirtöku Framtakssjóðs Íslands slhf. (hér eftir FSÍ) á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. (hér eftir Vestia) sem er dótturfélag NBI hf. (hér eftir NBI). Var samrunaskrá í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Ásamt samrunaskrá fylgdi bréf samrunaaðila þar sem þeir lýstu þeirri skoðun að þau skilyrði sem Samkeppniseftirlitið hefði lagt á Vestia og dótturfélög þess ættu að falla niður þar sem hin breyttu yfiráð yfir félögunum yllu því að forsendur fyrir skilyrðunum væru ekki lengur fyrir hendi.

Þá var óskað eftir undanþágu frá banni við því að samruni komi til framkvæmda með vísan til 4. mgr. 17. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til þess að verða við þeirri beiðni. Samrunaaðilar breyttu kaupsamningi sínum 19. nóvember sl. Samkvæmt hinum nýja kaupsamningi skyldi FSÍ kaupa 81% hlut í Icelandic Group hf. (hér eftir Icelandic Group) dótturfélagi Vestia en NBI hf. (hér eftir NBI) halda eftir 19% hlut. Myndi FSÍ eftir sem áður kaupa allt hlutafé Vestia. Samhliða því sem samrunaaðilar tilkynntu Samkeppniseftirlitinu um þessa breytingu á kaupsamningi óskuðu þeir eftir undanþágu frá banni við framkvæmd samruna að hluta, þannig að undanþágan skyldi aðeins ná til Icelandic Group. Varð Samkeppniseftirlitið við þeirri beiðni með bréfi dags. 3. desember 2010.

Samkeppniseftirlitið óskaði, með bréfum dags. 7. október sl., eftir ýmsum gögnum frá eigendum FSÍ, NBI sem er seljandi Vestia og FSÍ. Bárust svör við fyrirspurnum Samkeppniseftirlitsins í lok október og byrjun nóvember. Með bréfi dags. 22. október sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samrunanum.

Starfsmenn FSÍ komu á fund Samkeppniseftirlitsins þann 29. október 2010 og lýstu sjónarmiðum sínum vegna samrunans. Kom þar meðal annars fram að FSÍ hefði hug á selja eignir Vestia eins fljótt og nokkur kostur væri að því að gefnu að ásættanleg ávöxtun fengist af fjárfestingunni. Samkeppniseftirlitið hefur síðan við rannsókn málsins átt frekari viðtöl og aflað sjónarmiða þeirra sem tengjast samrunanum og annarra aðila.

Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að þeir hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessa máls eru sett skilyrði en nánar er vikið að þeim í niðurstöðukafla ákvörðunar þessarar.

II. Niðurstaða

Eins og nánar verður rökstutt hér á eftir felur yfirtaka FSÍ á Vestia í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkvæmt V. kafla samkeppnislaga er það hlutverk Samkeppniseftirlitsins að grípa til íhlutunar í samruna sem raskar samkeppni. Verður í ákvörðun þessari gerð grein fyrir forsendum þess að talið er rétt að grípa til íhlutunar vegna samrunans og þeim skilyrðum lýst sem samrunaaðilar hafa fallist á að hlíta og eftirlitið telur nauðsynlegt að gildi um samrunann.

1. Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

NBI starfar sem viðskiptabanki á Íslandi með starfsleyfi sem slíkur frá Fjármálaeftirlitinu í samræmi við ákvæði laga nr. 161/2002 um fjármálaefyrirtæki. Í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008 lá fyrir að fjölmörg skuldsett fyrirtæki myndu verða tekin yfir af bönkum og öðrum fjármálaefyrirtækjum til fullnustu skulda eigenda þeirra eða félaganna sjálfra. Stofnaði NBI eignarhaldsfélagið Vestia í því skyni að halda utan um eignarhald í slíkum félögum. Er Vestia alfarið í eigu NBI. Vestia á m.a. allt hlutafé í Húsasmiðjunni og Plastprenti, meirihluta hlutafjár í Teymi. Nánari grein verður gerð fyrir dótturfélögum Vestia og andlagi þeirra kaupa sem samruni þessi fjallar um hér á eftir. Eins og gerð verður grein fyrir hefur Samkeppniseftirlitið sett skilyrði í eldri samrunamálum vegna yfirtöku NBI á Vestia og atvinnufyrirtækjum í eigu þess.

Eins og nánar verður lýst er FSÍ eignarhaldsfélag í eigu tiltekinna lífeyrisjóða. Samkvæmt samrunaskrá á FSÍ fyrir 30% eignarhlut í Icelandair Group hf.

Kaup FSÍ fela í sér að FSÍ eignast allt hlutafé í Vestia og þar með alla eignarhluti Vestia í dótturfélögum þess ásamt því sem FSÍ eignast 81% hlutafjár Icelandic Group. Telst FSÍ þar með hafa yferráð yfir dótturfélögum Vestia og Icelandic Group með þeim hætti að um er að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Þá er ljóst að veltuskilyrði 17. gr. a samkeppnislaga eru uppfyllt og kemur samruni þessi því til skoðunar skv. samrunaákvæðum samkeppnislaga.

2. Nánar um FSÍ

FSÍ, Framtakssjóður Íslands, er eignarhaldsfélag í eigu sextán lífeyrisjóða sem stofnuðu félagið FSÍ ásamt FSÍ GP ehf. (hér eftir FSÍ GP). Samkvæmt heimasíðu FSÍ er um að ræða eftirfarandi lífeyrissjóði:

| Lífeyrissjóður | Eignarhlutur |
|--|--------------|
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 2% |
| Eftirlaunasjóður FÍA | 1% |
| Festa lífeyrissjóður | 3% |
| Gildi lífeyrissjóður | 19% |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn | 0,2% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 20% |
| Lífeyrissjóður bankamanna | 2% |
| Lífeyrissjóður Rangæinga | 1% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 5% |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga | 1% |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 2% |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 3% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 13% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 10% |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 8% |
| Stafir lífeyrissjóður | 10% |

2.1 Skipulag FSÍ

FSÍ er svokallað samlagshlutafélag (slhf.) en um þau er fjallað í XX. kafla laga um hlutafélög nr. 2/1995 (hér eftir HFL). Í 2. mgr. 160. gr. laganna er samlagshlutafélag skilgreint svo:

„Samlagshlutafélag er sú tegund samlagsfélaga þar sem einn eða fleiri félagsmenn (ábyrgðaraðilar) bera beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum félagsins en aðrir félagsmenn (hluthafar), einn eða fleiri, bera takmarkaða ábyrgð á grundvelli framlaga sem mynda hlutafé í félaginu“

Er FSÍ GP ábyrgðaraðili FSÍ þannig að FSÍ GP ber beina og ótakmarkaða ábyrgð á skuldbindingum FSÍ. Hluthafar félagsins bera hins vegar aðeins takmarkaða ábyrgð á FSÍ í samræmi við það sem almennt gildir um hlutafélög. Eru sömu eigendur að FSÍ og FSÍ GP enn sem komið er.

Samkvæmt HFL er heimilt að víkja frá ákvæðum hlutafélagalaga ef samlagshlutafélag stundar fjárfestingarstarfsemi. Þessi frávik geta verið eftirfarandi sbr. 2., 3. og 4. mgr. 161. gr. HFL:

„Ábyrgðaraðili, einn eða fleiri sameiginlega, getur gegnt hlutverki stjórnar sé hún ekki kosin, svo og störfum framkvæmdastjóra eða falið öðrum það, og ritað firma félagsins. Sé ábyrgðaraðilinn lögaðili kemur tiltekinn einstaklingur fram fyrir hönd hans. Ábyrgðaraðili skal ávallt eiga sæti í stjórn sé hún kosin.“

Framselja má vald hluthafafundar til ábyrgðaraðila. Breytingar á félagssamþykktum skulu þó bornar undir hluthafafund. Kveða má þar sérstaklega á um form atkvæðagreiðslu á hluthafafundi og hvaða reglur gildi um atkvæðagreiðslur og atkvæðahlutföll, m.a. gera áskilnað um einróma

samþykki. Þá skal unnt að halda hluthafafundi ef talið er að samþykktir séu brotnar. Halda skal aðalfund og m.a. samþykkja ársreikning.

Í félagssamþykktum má einnig kveða sérstaklega á um framsal og veðsetningu hluta, innlausnarskyldu og arðgreiðslur, m.a. tíðni arðgreiðslna, svo og slit félaganna, t.d. um ákveðinn líftíma þeirra."

Samkvæmt ákvæði 3.1 í samþykktum FSÍ er æðsta vald í málefnum félagsins í höndum ábyrgðaraðila þess, FSÍ GP. Þá gegnir ábyrgðaraðili jafnframt hlutverki stjórnar skv. ákvæði 4.1. í samþykktum félagsins. Fer FSÍ GP því með stjórn félagsins að meginstefnu til. Hluthafar FSÍ geta ekki breytt samþykktum félagsins nema með stuðningi tveggja þriðju hluta atkvæða enda fari þeir með tvo þriðju hluta hlutafjárins. sbr. 2. mgr. ákvæðis 3.4. í samþykktum félagsins.

Í bréfi frá samrunaaðilum dags. 21. október 2010 segir að hlutverk FSÍ GP sé að sjá um daglegan rekstur FSÍ, leita og kanna áreiðanleika nýrra fjárfestinga og meta, hafa eftirlit með og sjá um upplausn eigna FSÍ. Hefur FSÍ GP ekki aðra starfsemi skv. bréfinu.

Sérstakt ráðgjafarráð starfar í tengslum við FSÍ. Um ráðgjafarráðið er fjallað í grein 4.4. í samþykktum FSÍ. Þar segir:

„Ráðgjafarráðið verður umsagnaraðili fjárfestingarstefnu samlagshlutafélagsins sem mótuð verður af stjórn félagsins, innan þess ramma sem fram kemur í samþykktum og hluthafasamkomulagi. Ráðgjafarráðið fjallar ekki um einstakar fjárfestingar nema stjórn Framtakssjóðs Íslands GP ehf. og/eða framkvæmdastjóri/sjóðstjóri geri tillögur um slíkt."

Gert er ráð fyrir því að ráðgjafarráðið muni hittast reglulega og fara yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins en ekki taka ákvarðanir um einstakar fjárfestingar. Einstakar fjárfestingar eru metnar af FSÍ skv. stjórnskipulagi sjóðsins og svo bornar undir stjórn sjóðsins til samþykktar eða synjunar. Ráðgjafarráðið tekur þannig ekki þátt í ákvarðanatöku með beinum hætti nema tillaga komi fram um það sbr. ákvæðið hér að ofan.

Stjórn FSÍ GP er skipuð sjö mönnum skv. 16. gr. samþykktu FSÍ GP. Ákvæði 4.4 í samþykktum FSÍ leggur bann við því að í ráðgjafarráði FSÍ sitji sömu aðilar og mynda stjórn FSÍ GP. Í stjórn FSÍ sitja nú Ágúst Einarsson, prófessor (stjórnarformaður); Ragnar Önundarson, varaformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna (varaformaður); Auður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri; Baldur Þór Vilhjálmsson, forstöðumaður eignastýringar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins; Guðfinna S. Bjarnadóttir, fyrrverandi alþingismaður; Vilborg Lofts, rekstrarstjóri heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Háskólans í Reykjavík.

2.2. Aðkoma NBI að FSÍ eftir samrunann

Samkvæmt fréttatilkynningu sem birtist m.a. á heimasíðu FSÍ í tilefni af því að samkomulag var gert um kaup FSÍ á Vestia segir meðal annars:

„Framtakssjóður Íslands greiðir Landsbankanum samkvæmt samkomulagi 19,5 milljarða króna fyrir Vestia. Landsbankinn mun jafnframt kaupa 30% hlut í sjóðnum. Hlutfé Framtakssjóðsins verður væntanlega tvöfaldað úr 30 milljörðum króna í 60 milljarða. Samkomulagið er með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakannanna og samþykki Samkeppniseftirlitsins.“

Samkvæmt áskriftarskrá sem fylgdi með tilkynningu samrunans til Samkeppniseftirlitsins skuldbatt NBI sig til þess að greiða 18.000 milljónir króna að nafnverði í nýtt hlutfé til FSÍ með þeim fyrirvara að eignarhluturinn yrði aldrei stærri en sem nemur 30% af heildaráskriftarloforðum FSÍ. Samkvæmt kaupsamningi aðila skuldbatt FSÍ sig sem kaupandi til þess að gefa út nýtt hlutfé í FSÍ GP og eftir atvikum breyta samþykktum félagsins til þess að gera eignaraðild NBI að FSÍ GP mögulega. Jafnframt skuldbatt kaupandi sig til þess að skipa fulltrúa NBI í ráðgjafarráð FSÍ í samræmi við eignarhlut bankans. Með bréfi dags. 30. nóvember var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um breytingar í forsendum samrunans. Í frétt á heimasíðu FSÍ segir svo um breytinguna:

„Kaupverð FSÍ á Vestia lækkar úr 19,5 milljörðum króna í 15,5 milljarða króna. Ástæður þessa eru tvennskonar. Annars vegar hefur verðmat eigna lækkað vegna breyttra forsendna og hins vegar hefur orðið að samkomulagi að ákveðnar eignir munu ekki fylgja með í kaupunum. Helsta breytingin frá fyrri samningi er að Landsbankinn heldur eftir 19% hlut í Icelandic Group í stað þess að selja félagið að fullu. FSÍ hefur kauprétt á þeim 19% hlut í allt að 12 mánuði.“

Í endanlegu samkomulagi felst jafnframt að hlutfjárloforð Landsbankans í FSÍ lækkar úr 18 milljörðum króna í 15 milljarða króna. Ef stærð sjóðsins verður 60 milljarðar verður eignarhlutur NBI 25%. Hlutfjárloforð í FSÍ eru innkölluð hlutfallslega þegar fjárfest er og skilað til eigenda um leið og viðkomandi eign er seld.“

Af framangreindu leiðir að NBI mun í kjölfar hlutfjárauðningar í FSÍ GP öðlast veruleg stjórnunarréttindi yfir FSÍ í gegnum eignarhlut sinn í FSÍ GP og þar með í reynd einnig yfir Vestia. Í því samhengi er rétt að hafa í huga að NBI yrði stærsti einstaki hluthafi félagsins gangi samkomulag um áskrift að hlutfé í FSÍ eftir. Eignarhlutur NBI í FSÍ verður nægilega stór í kjölfar samrunans til þess að bankinn muni geta komið tveimur fulltrúum sínum í stjórn að því gefnu að stjórn félagsins telji sjö menn líkt og nú er.

Samkvæmt upplýsingum sem fram komu á fundi með fulltrúum FSÍ þann 29. október 2010 hefur ekki verið ákveðið hvort FSÍ kaupi frekari fullnustueignir af NBI í gegnum Vestia. Mun sú starfsemi félagsins því líklega leggjast af. FSÍ hefur þó tekið fram að félagið sé sífellt í leit að nýjum fjárfestingarkostum og er því ekki útilokað að FSÍ muni kaupa fleiri fullnustueignir af NBI. Samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitsins hafa þó engir samningar verið gerðir þar að lútandi.

3. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim

Í kafla 7 í viðauka við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir m.a. svo:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðinum.“

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Í áður tilvitnuðum reglum um tilkynningu samruna segir svo um landfræðilegan markað:

„Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.“

Ekki er þörf á ítarlegri skilgreiningu á mörkuðum í þessu máli en hér á eftir verður fjallað stuttlega um stöðu viðkomandi fyrirtækja á þeim heildarmörkuðum sem þau starfa á.

3.1 Viðskiptabankamarkaður

NBI er eins og fyrr sagði fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002. Starfrækir félagið viðskiptabanka. Er NBI heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem fjármálafyrirtækjum er heimil samkvæmt lögum á hverjum tíma. Samkvæmt samrunaskrá eru hluthafar bankans tveir. Er meirihluti hlutafjár í eigu íslenska ríkisins og fer Bankasýsla ríkisins með eignarhlutinn. Annað hlutafé er í eigu Landskila ehf. NBI á fjölmörg dótturfélög sem starfa á tengdum mörkuðum.

Rekur NBI víðfeðmt net útibúa um land allt undir merkinu Landsbankinn og býður upp á margvíslega bankaþjónustu við einstaklinga og fyrirtæki. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 50/2008 *Samruni Kaupþings banka hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.* var talið að þeir markaðir sem máli skiptu væru markaðirnir fyrir viðskiptabankaþjónustu fyrir einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu og markaðurinn fyrir þjónustu við smærri fyrirstæki á höfuðborgarsvæðinu. Um stöðu forvera NBI, Landsbanka Íslands hf., sagði svo:

„Samkeppniseftirlitið telur að viðskiptabankarnir; Landsbanki Íslands, Kaupþing og Glitnir séu í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu á markaðnum fyrir viðskiptabankaþjónustu við einstaklinga og fyrirtækjaþjónustu við smærri

fyrirtæki. Telur Samkeppniseftirlitið að þar sé um svæðisbundna markaði að ræða þar sem vöruframboð er einsleitt, markaðurinn gagnsær og aðstæður allar með þeim hætti að þær ýta undir samhæfða hegðun keppinauta. Hefur hegðun viðskiptabankanna þriggja sem hér voru taldir upp verið að meginstefnu til samhæfð að minnsta kosti frá aldamótunum síðustu."

Samkeppniseftirlitið hefur í síðari ákvörðunum sem NBI varða talið að sömu eða sambærileg sjónarmið eigi enn við, samanber eftirfarandi ummæli í forsendum ákvörðunar nr. 20/2010 *Yfirtaka eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. á Plastprenti hf.* :

„Telja verður að staða núverandi viðskiptabanka á mörkuðum fyrir hefðbundna bankastarfsemi hér á landi sé í aðalatriðum svipuð stöðu forvera þeirra, sbr. einnig t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 49/2009, Samruni Kaupþings banka hf. og Arion banka hf.“

Nákvæm greining á stöðu NBI hefur ekki úrslitaáhrif á niðurstöðu þessa máls. Telur Samkeppniseftirlitið ljóst að staða bankans á íslenskum bankamarkaði sé tiltölulega sterk og markaðshlutdeild bankans há. Þá eru jafnframt líkur á að hinn nýi banki sé í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu með Íslandsbanka og Arion banka líkt og Landsbanki Íslands hf. var talinn vera í sameiginlegri markaðsráðandi stöðu með Glitni banka hf. og Kaupþing banka hf.

3.2 Markaðir fyrirtækja Vestia og FSÍ

Eignarhaldsfélagið Vestia er eignarhaldsfélag líkt og FSÍ. Á félagið eignarhluti í félögum sem stunda fjölbreytta atvinnustarfsemi. Samkvæmt heimasíðu félagsins á Vestia eignarhluti í eftirfarandi félögum¹:

| Félag | Eignarhlutur |
|-----------------|---------------------|
| Askja | 36% |
| Atorka | 44% |
| Húsasmiðjan | 100% |
| Icelandic Group | 100% |
| Plastprent | 100% |
| Stoðir | 16% |
| Teymi | 62% |

Með breytingum á kaupsamningi aðila sem áður hefur verið getið um verður Icelandic Group selt frá Vestia þannig að hlutafé þess verði að mestu í beinni eigu FSÍ en að hluta í eigu NBI.

Dótturfélög Vestia hafa ýmiss konar atvinnustarfsemi með höndum. Samkvæmt samrunaskrá er Húsasmiðjan smásöluverslun með byggingar- og garðyrkjuvörur og skyldan varning. Um starfsemi Húsasmiðjunnar segir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2010:

¹ Slóðin er <http://vestia.is/Eignasafn/> [sótt 12. janúar 2011]

„Rannsókn Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að Húsasmiðjan hefur sterka stöðu á mörkuðum fyrir sölu á byggingarvörum og garðyrkjuvörum. Á markaðnum fyrir byggingarvörur er annar stór aðili, BYKO, ásamt nokkrum smærri fyrirtækjum. Svipuð staða er upp á teningnum á markaðnum fyrir garðyrkjuvörur. Starfa ekki allir keppinautar Húsasmiðjunnar um landið allt.“

Samkvæmt samrunaskrá framleiðir Plastprent plastumbúðir og plastfilmur til félaga í matvælaíðnaði. Um starfsemina var nánar fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2010. Þar kemur fram að Plastprent hafi 35-40% markaðshlutdeild á heildarmarkaði fyrir plast og sé með næst stærstu markaðshlutdeildina en stærstu hlutdeildina hafi fyrirtækið Samhentir ehf. Saman hafi þessi tvö fyrirtæki 85-90% markaðshlutdeild en hlutdeild annarra fyrirtækja sé mun minni. Kemur fram að rannsókn Samkeppniseftirlitsins „bendir m.ö.o. til þess að staða Plastprents á markaðnum fyrir framleiðslu á plastvörum sé mjög sterk. Má meðal annars ráða það af hárrí markaðshlutdeild Plastprents. Á einstökum undirmörkuðum er staða Plastprents hugsanlega enn sterkari.“

Teymi tilheyrir einnig Vestia. Er það móðurfélag nokkurra félaga sem starfa á sviðum fjarskipta og upplýsingatækni. Er um að ræða félögin Og fjarskipti ehf. (Vodafone), Hug/Ax ehf., EJS ehf. og Skýrr ehf. samkvæmt samrunaskrá. Hafa verið gerðar breytingar á uppbyggingu samstæðunnar frá því að samrunaskráin barst. Samkeppniseftirlitið fjallaði um starfsemi félagsins í ákvörðun sinni nr. 7/2010 og ákvörðun nr. 34/2009. IP fjarskipti ehf., sem voru í eigu félagsins, hafa verið seld frá félaginu, í samræmi við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 27/2009, Brot á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 36/2008, Samruni Teymis hf. og IP-fjarskipta ehf. og 10. gr. samkeppnislaga.² Í tilvitnuðum ákvörðunum kemur fram að staða Teymis sé sterk á þeim mörkuðum sem félagið starfar.

Þá var ráðgert að Vestia yrði eigandi alls hlutfjár Icelandic Group samkvæmt samrunaskrá. Félagið er eitt af tíu stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum heims samkvæmt samrunaskrá. Hefur félagið starfsemi víða um heim svo sem í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Samkeppniseftirlitið hefur enn ekki lokið umfjöllun um yfirtöku Vestia á Icelandic Group. Telur Samkeppniseftirlitið að forsendur yfirtöku Vestia á Icelandic Group hafi breyst verulega en NBI tilkynnti Samkeppniseftirlitinu þar um með bréfi dags. 10. desember sl.

Í samrunaskrá er jafnframt fjallað um Öskju ehf., Atorku hf., Cimbric Fiskekonserves A/S og önnur félög sem Vestia og/eða NBI eiga hluti í. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að greina nánar frá stöðu þessara félaga eða starfsemi þeirra.

Svo sem áður segir átti FSÍ 30% hlut í Icelandair Group áður en félagið keypti Vestia. Starfsemi þess félags er viðamikil og fer fram í gegnum fjölda dótturfélaga. Er um að ræða ferðapjónustu í öllum tilvikum samkvæmt því sem fram kemur í samrunaskrá. Dótturfélögin sem um ræðir eru Flugfélag Íslands ehf., Iceland Travel ehf., Icelandair ehf., Flugleiðahótel ehf., Flugleiðir-Frakt ehf., IGS ehf. og Loftleiðir ehf. Í ákvörðun

² Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Auðar Capital hf. keypti Auður I fagfjárfestastjóður Tal í júní 2010, slóðin er <http://www.audurcapital.is/fjarfestingar/fjarfestingar/> [sótt 12. janúar 2011]

Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2009, *Samruni Íslandsbanka hf. og Icelandair Group hf.*, segir:

"Í samrunaskrá er gerð grein fyrir því að ýmis dótturfélög séu í sterkri stöðu á þeim mörkuðum sem þau starfa, t.d. Icelandair og Flugfélag Íslands. Líta ber einnig til þess að komist hefur verið að sömu niðurstöðu í samkeppnismálum sem varða þennan markað. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 4/2007 Icelandair ehf. gegn Samkeppniseftirlitinu var komist að þeirri niðurstöðu að Icelandair væri í markaðsráðandi stöðu. Í dómi Hæstaréttar frá 2. október 2008 í máli nr. 640/2007 var vísað til yfirburðarstöðu Flugþjónustunnar á Keflavíkflugvelli."

3.3 Starfsemi lífeyrissjóða

Eins og fyrr greinir er FSÍ í eigu sextán lífeyrissjóða. Í máli þessu er rétt að líta til þess að tildrög elstu lífeyrissjóðanna má rekja aftur til fyrstu áratuga 20. aldar. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins var stofnaður með lögum frá Alþingi árið 1943. Um miðbik 20. aldarinnar var þátttaka í lífeyris- eða eftirlaunasjóðum fyrst og fremst bundin við starfsmenn ríkisins, nokkurra bæjarfélaga, banka og stærri fyrirtækja í samvinnu- og einkarekstri. Upphaf lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði má hins vegar rekja til kjarasamninga sem gerðir voru árið 1969, en í framhaldi af þeim voru stofnaðir ýmsir lífeyrissjóðir fyrir verkafólk og starfsstéttir innan ASÍ. Árið 1974 voru sett lög sem skylduðu alla launþega til að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps, sbr. lög nr. 9/1974 um starfskjör launþega o.fl. Jafnframt var vinnuveitanda gert skylt að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldahluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt móttframlagi sínu, samkvæmt reglum um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs, sem staðfest skyldi af fjármálaráðuneytinu. Í reynd fólst í þessu að samanlagður iðgjaldahluti launþega og vinnuveitanda skyldu nema a.m.k. 10% af iðgjaldastofni. Árið 1980 voru sjálfstætt starfandi einstaklingar og atvinnurekendur einnig skyldaðir til að eiga aðild að lífeyrissjóði og skyldu þeir greiða í þá miðað við reiknuð laun sín.

Lífeyrissjóðir starfa nú eftir lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir lög um lífeyrissjóði) en þau lög eru fyrstu heildarlögin um starfsemi lífeyrissjóða. Hugtakið lífeyrissjóður er þar skilgreint sem félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum laga um lífeyrissjóði í 2. mgr. 1. gr. laganna. Samkvæmt 4. mgr. 1. gr. laganna er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að tryggja sér lífeyrisréttindi með aðild að lífeyrissjóði frá og með 16 ára aldri til 70 ára aldurs. Samkvæmt 2. gr. laganna skal lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða vera a.m.k. 10% af iðgjaldsstofni eins og var samkvæmt eldri lögum. Þar er einnig staðfest að aðild að lífeyrissjóði fari eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein eða sérlægum ef við á. Taki kjarasamningur ekki til viðkomandi starfssviðs eða séu ráðningarbundin starfskjör ekki byggð á kjarasamningi velur viðkomandi einstaklingur sér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Þá er einnig í lögnum að finna ákvæði sem gera launþegum kleift að ávinna sér viðbótartryggingavernd í frjálsri séreign (séreignarlífeyrir).

Í grundvallaratriðum starfa lífeyrissjóðirnir þannig að þeir taka á móti fjárframlögum frá launamönnum og fyrirtækjum og ávaxta það. Þegar starfsævi launafólks lýkur eru eignir viðkomandi lífeyrissjóðs notaðar til þess að greiða því eftirlaun eða lífeyri.

Samhengisins vegna er rétt að geta þess að álitamál getur verið hvort ákvæði samkeppnislaga taka með beinum hætti til allra starfsþátta lífeyrissjóða sökum tengsla þeirra við starfskjör launþega, sbr. 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga. Í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 1/2004, *Hörður Einarsson gegn samkeppnisráði*, var fjallað m.a. um starfsemi séreignalífeyrissjóða en þar segir:

"Iðgjald til öflunar lífeyrisréttinda skal ákveðið í sérlögum, kjarasamningi, ráðningarsamningi eða með öðrum sambærilegum hætti, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga 129/1997. Um aðild að lífeyrissjóði, greiðslu lífeyrisiðgjalds og skiptingu gjaldsins milli launamanns og launagreiðanda fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í viðkomandi starfsgrein, sbr. nánar 2. mgr. 2. gr. laganna. Af þessum ákvæðum leiðir að nán tengsl eru milli kjarasamninga og réttinda í lífeyrisjóðum.

Sú háttsemi sem um er deilt í máli þessu varðar hins vegar hvorki aðild að lífeyrissjóði né greiðslu eða skiptingu lífeyrisiðgjalds heldur samning viðkomandi lífeyrissjóðs við þriðja aðila um að annast daglegan rekstur hans og aðrar ráðstafanir í tengslum við það. Slíkar athafnir falla ótvírætt undir 2. gr. samkeppnislaga og engin vafi er á því að þeir aðilar sem að þeim koma teljast fyrirtæki í skilningi samkeppnislaganna."

Mál þetta tengist hins vegar ekki einvörðungis þeirri starfsemi lífeyrissjóða sem varða skyldutryggingu lífeyrisréttinda launþega nema með óbeinum hætti. Varðar mál þetta þær fjárfestingar sem lífeyrissjóðir stunda í atvinnuskyni í gegnum sameiginlegt eignarhaldsfélag sitt og leikur enginn vafi um gildissvið samkeppnislaga hvað þá starfsemi áhrærir. Þá er ljóst að FSÍ sjálft er fyrirtæki sem fellur að öllu leyti undir ákvæði samkeppnislaga.

Löggjafinn hefur takmarkað fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða með ýmsum hætti. Þessar takmarkanir lúta fyrst og fremst að því að draga úr áhættu sjóðanna. Í 36. gr. lífeyrissjóðslaga eru taldar upp fjárfestingarheimildir þeirra. Er þeim heimilt að fjárfesta:

„1. Í ríkisvígslum, ríkisskuldabréfum og skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.

2. Í skuldabréfum og víglum sveitarfélaga og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. og skuldabréfum og víglum sem tryggð eru með ábyrgð þessara aðila.

3. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteign að hámarki 75% af metnu markaðsvirði nema þegar um er að ræða sérhæft atvinnuhúsnæði þá skal hámark þetta vera 35%.

4. Með innlánnum í bönkum og sparisjóðum.

5. Í skuldabréfum og víglum banka, sparisjóða og annarra lánastofnana sem lúta eftirliti opinbers eftirlitsaðila.

6. Í hlutabréfum fyrirtækja.

7. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, eða tilskipun 85/611/EBE um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS-tilskipuninni) en verðbréfasafni að baki skírteinum eða hlutum skal skipt á aðra töluliði þessarar málsgreinar með tilliti til takmarkana í 2.–6. mgr.

8. Í hlutdeildarskírteinum eða hlutum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

9. Í öðrum verðbréfum.

10. Með gerð afleiðusamninga sem draga úr áhættu sjóðsins."

Áskilur 2. mgr. 36. gr. að verðbréf sem lífeyrissjóðir fjárfesti í skuli hafa skráð kaup- og sölugengi á skipulegum markaði. Frá því má þó víkja hvað varðar allt að 20% af hreinni eign hvers sjóðs sbr. 3. mgr. 36. gr. Ákvæðið setur því jafnframt viss takmörk hversu hátt hlutfall eign sjóðsins getur verið bundið í hvern og einn þessara flokka.

Það leiðir af framangreindum ákvæðum laga um lífeyrissjóði að þeim eru settar ýmsar skorður um fjárfestingar sínar. Kann þeim að vera örðugt að ná fram verulegum stjórnunarréttindum einum og sér sökum þessara skorða, sér í lagi ef viðkomandi lífeyrissjóður er lítill og markaðsvirði fyrirtækjanna hátt. Fjárfesti lífeyrissjóðir sameiginlega í fyrirtækjum í gegnum eignarhaldsfélag á sínum vegum minnkar eignarhlutdeild hvers og eins og þar með áhætta af fjárfestingunni. Er lífeyrissjóðunum þannig hægara um vik að öðlast yfirráð yfir atvinnufyrirtækjum með stofnun FSÍ.

Þeir lífeyrissjóðir sem saman standa að FSÍ eiga 64% af heildareignum lífeyrissjóða á Íslandi. Um er að ræða verulegar fjárhæðir líkt og taflan hér fyrir neðan gefur til kynna³:

| Lífeyrissjóður | Heildareignir í ma.kr. |
|--|-----------------------------------|
| Almenni lífeyrissjóðurinn | 91 |
| Eftirlaunasjóður F.Í.A. | 15 |
| Festa | 58 |
| Gildi | 227 |
| Íslenski lífeyrissjóðurinn | 26 |
| Lífeyrissjóður bankamanna | 44 |
| Lífeyrissjóður Rangæinga | 5 |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 42 |
| Lífeyrissjóður verkfræðinga | 29 |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 283 |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 25 |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 27 |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 345 |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 99 |

³ Samkeppniseftirlitið óskaði sérstaklega eftir upplýsingum um stærð sjóðanna í lok ársins 2009. Svör þeirra eru í meðfylgjandi töflu. Sameinaði lífeyrissjóðurinn svaraði ekki fyrirspurn Samkeppniseftirlitsins og er miðað við gögn af heimasíðu sjóðsins. Slóðin er <http://www.lifeyrir.is/upload/files/%C3%81rsfundur-%202010%284%29.pdf> [sótt 7. janúar 2011].

| | |
|--|-------|
| Stafir lífeyrissjóður | 80 |
| Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 68 |
| <hr/> | |
| Samanlagt | 1.464 |
| Verg Landsframleiðsla á árinu 2009 | 1.501 |
| <hr/> | |
| Eignir sem hlutfall af vergri landsframleiðslu ársins 2009 | 98% |

Lífeyrissjóðirnir hafa ítök víða í atvinnulífinu. Samkvæmt upplýsingum frá lífeyrissjóðunum sjálfum eiga þeir meira en 2% hlutfjár í fjölmörgum félögum. Þeirra á meðal eru Össur hf., Marel hf., Bakkavör hf. og Nýherji hf. Þá eiga lífeyrissjóðir jafnframt töluvert af skuldabréfum fyrirtækja og opinberra aðila. Er eignarhald þeirra á atvinnufyrirtækjum í einhverjum tilvikum tilkomið vegna eignar á skuldabréfum fyrirtækja sem hafa verið endurskipulögð þannig að skuldum hefur verið breytt í hlutfé.

Almennt er það svo að lífeyrissjóðir hafa ekki tekið mjög virkan þátt í stjórnun fyrirtækja. Þannig hefur mikill minnihluti þeirra lífeyrissjóða sem að FSÍ standa skipað fulltrúa sína í stjórnir fyrirtækja. Þó er ljóst að þegar lífeyrissjóðirnir eignast allt hlutfé í eignarhaldsfélagi á borð við Vestia þurfa lífeyrissjóðirnir að skipa félaginu stjórn. Er því ljóst að lífeyrissjóðirnir munu taka umtalsvert meiri þátt í stefnumótun og ákvarðanatöku í viðskiptalífinu á næstu misserum.

4. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Í 17. gr. c samkeppnislaga er mælt fyrir um hið efnislega mat sem leggja ber á samruna fyrirtækja. Við túlkun á því ákvæði samkeppnislaga verður m.a. að líta til þess að eldri samkeppnislögum nr. 8/1993 var breytt með lögum nr. 107/2000. Í breytingunni fólst að ákvæði samkeppnislaga sem ætlað var að vinna gegn samkeppnishömlum voru styrkt til muna, þ.m.t. samrunaákvæði laganna. Af lögskýringargögnum má ráða að einn megingiltgangurinn með þessari lagabreytingu hafi verið að sporna gegn þeim samkeppnishömlum sem stafað geta af aukinni samþjöppun. Með lögum nr. 94/2008 var ákvæðum samkeppnislaga um samruna aftur breytt og fólst í þeirri breytingu frekari styrking á efnisreglum samrunaákvæða samkeppnislaga. Felur þetta m.a. í sér aukið svigrúm til efnislegs mats á samkeppnislegum áhrifum samruna. Í 17. gr. c samkeppnislaga segir m.a.:

„Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, getur stofnunin ógilt samruna.“

Í bréfi, dags. 21. september 2010, fór FSÍ fór fram á að þau umfangsmiklu skilyrði sem lögð voru á Vestia með ákvörðun nr. 7/2010, 10/2010 og 20/2010 á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga yrðu felld niður. Taldi FSÍ að þau skaðlegu áhrif á samkeppni sem leiddu af yferráðum NBI væru ekki lengur fyrir hendi. Stafaði það af því að viðskiptabanki færi ekki lengur með yferráð yfir atvinnufyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Töldu samrunaaðilar að mögulegur 30% eignarhlutur NBI í FSÍ hafi engin áhrif í þessu sambandi.⁴ Þá kemur

⁴ Þegar tilkynnt var um samrunann var ráðgert að hluturinn yrði 30%. Samrunaaðilar tilkynntu Samkeppniseftirlitinu síðar og á heimasíðu FSÍ að hluturinn yrði 25%

fram í samrunaskrá að ætla megi að samruninn verði til hagsbóta fyrir neytendur þar sem rekstrargrundvöllur dótturfélaga Vestia verði tryggari við að FSÍ eignist félagið. Jafnframt benda samrunaaðilar á að miðað við það sjónarmið að eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum sé mögulega skaðlegt hljóti að vera jákvætt að eignarhaldið flytjist til annarra aðila. Taka samrunaaðilar fram í þessu sambandi í samrunaskrá að FSÍ sé ekki lánardrottinn auk þess sem hluthafar félagsins séu það ekki nema að takmörkuðu leyti. Geti NBI jafnvel ekki haft áhrif á stefnu félaganna þó að bankinn eignist allt að 30% hlutafjár enda hafi hann ekki meirihluta í stjórn með svo lítið hlutfall af heildarhlutafé. Eins og fyrr sagði hafa hins vegar viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila leitt til sáttar í málinu.

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað töluvert um yfirtöku banka á atvinnufyrirtækjum á liðnum misserum og sett í ákvörðunum skilyrði sem gilda m.a. um starfsemi Vestia og NBI. Þá hefur úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009 hér mikla þýðingu. Er nauðsynlegt að fjalla um þessi efni í ákvörðun þessari. Að því búnu verður vikið nánar að samkeppnislegum áhrifum samruna FSI og Vestia.

4.1. Fyrri umfjöllun og afskipti samkeppnisyrvalda

Í október 2009 tók Samkeppniseftirlitið ákvörðun í máli nr. 34/2009, *Samruni eignarhaldsfélagsins Vestia ehf. og Teymis hf.* Komst eftirlitið að þeirri niðurstöðu að ekki væri heimild að lögum til þess að grípa til íhlutunar í samrunann þar sem engin samkeppnisleg skörun væri á milli annars vegar fyrirtækja í eigu Teymis og NBI. Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem felldi þessa ákvörðun úr gildi með úrskurði nr. 18/2009 og skapaði með úrskurðinum forsendur fyrir Samkeppniseftirlitið til að framfylgja stefnumörkun sinni sem birtist í umræðuskjali þess nr. 2/2009, sbr. nánar hér á eftir.

4.1.1 Umræðuskjal nr. 2/2009

Þann 8. desember 2009 birti Samkeppniseftirlitið umræðuskjal um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Í því kemur fram það mat að það sé neytendum og atvinnulífnum til hagsbóta að bankar afskrifi eða minnki skuldir rekstrarhæfra fyrirtækja sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Bankar verði hins vegar að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta að samkeppnissjónarmiðum.

Í umræðuskjalinu er fjallað um skuldavanda íslenskra fyrirtækja og samkeppnisleg álitafni tengd honum. Er þetta viðfangsefni talið afar mikilvægt og geta haft veruleg áhrif á þróun og uppbyggingu íslensks atvinnulífs. Samkeppniseftirlitið setur fram í skjalinu sautján kjarnasjónarmið sem það telur að hafa eigi að leiðarljósi við endurskipulagningu atvinnufyrirtækja. Dreginn er lærdómur af reynslu annarra ríkja af áþekktum álitafnum og jafnframt er gefið yfirlit yfir það hvernig framangreind þátttaka bankanna á samkeppnismörkuðum horfir við samkeppnislögnum.

Á meðal þeirra 17 kjarnasjónarmiða sem fram koma í skjalinu má nefna eftirfarandi:

- Einungis á að koma þeim fyrirtækjum til aðstoðar, sem eiga sér eðlilegar rekstrarlegar forsendur en forðast ber að endurreisa eða halda gangandi óhagkvæmum fyrirtækjum.

- Það er neytendum og atvinnulífinu til hagsbóta að bankar afskrifi skuldir eða á annan hátt dragi úr skuldabyrði rekstrarhæfra fyrirtækja. Beiting samkeppnislaga á ekki að vinna gegn þessu.
- Bankar verða að gera skýra arðsemiskröfu til endurskipulagðra fyrirtækja og gæta verður fyllsta aðhalds um arðsemi.
- Bankar sem öðlast yfirráð yfir fyrirtæki verða að fást við freistnivanda þeirra sem starfa í fyrirtækinu. Vandinn felst í því að starfsmenn og stjórnendur hafa ekki sama hvata og áður til að reka fyrirtæki skynsamlega.
- Tryggja verður að eignarhald banka raski ekki samkeppni.
- Draga þarf úr hættunni á því að of mikilli skuldabyrði fyrirtækja sé velt út í verð á vöru og þjónustu.
- Bankar eiga að selja endurskipulögð fyrirtæki svo fljótt sem auðið er í gagnsæju ferli, eftir því sem kostur er. Skráning í kauphöll er vænlegur kostur.

Umræðuskjalið var sent til umsagnar hjá hagsmunaaðilum og bárust Samkeppniseftirlitinu ýmsar umsagnir frá m.a. Neytendasamtökunum og ýmsum fyrirtækjum og samtökum þeirra, auk umsagna frá viðskiptabönkunum þremur.

4.1.2 Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2009

Líkt og áður kemur fram birti áfrýjunarnefnd samkeppnismála úrskurð nr. 18/2009 *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*, dags. 21. janúar 2010, í máli sem varðaði samruna Vestia, dótturfélags NBI, og Teymis. Samkeppniseftirlitið hafði heimilað þennan samruna NBI og Teymis án skilyrða í ákvörðun nr. 34/2009. Síminn, sem er keppinautur Teymis, kærði niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Komst áfrýjunarnefndin að þeirri niðurstöðu í úrskurði sínum að Samkeppniseftirlitinu hefði borið að setja samrunanum skilyrði þar sem samruninn raskaði samkeppni með umtalsverðum hætti í skilningi 17. gr. c samkeppnislaga. Taldi áfrýjunarnefndin að ekki væru efni til ógildingar samrunans. Er hins vegar sérstaklega á það bent í úrskurðinum að ef samruni leiðir til óæskilegra áhrifa á samkeppnismarkaði verði að grípa til úrræða á borð við setningu skilyrða teljist það málefnalegt og til þess fallið að efla samkeppni til lengri tíma litið. Bendir áfrýjunarnefndin í þessu samhengi sérstaklega á að engin veruleg efnisbreyting hafi orðið við yfirtöku Vestia/NBI á Teymi samanber eftirfarandi ummæli í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Fyrsta kastið breytist því í raun ekki neitt á samkeppnismarkaði við samsteypusamruna, þeir sem keppa um hylli viðskiptavina eru jafnmargir og jafnstórir og áður. Þeir hafa ekki náð sérstöku sambandi eða tökum á birgjum eða fengið sérstaka aðstöðu sem færir þeim samkeppnisforskot.“

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála vísar því næst að veigamiklu hlutverki banka í efnahagslífinu og þeirri válegu stöðu sem mörg fyrirtæki eru í. Miklar skuldir hvíli sem mara á mörgum atvinnufyrirtækjum og sé líklegt að viðskiptabankar eða aðrir lánardrottinnar hafi örlög þeirra að einhverju eða öllu leyti í hendi sér. Þá sé hlutverk banka við greiðslumiðlun, geymslu sparifjár og ávöxtun afar mikilvægt efnahagslífinu.

Efnahagslegur styrkleiki viðskiptabanka var eitt af þeim atriðum sem réðu niðurstöðu áfrýjunarnefndar í úrskurði nr. 18/2009. Um þetta segir í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar skapast ýmis konar hætta á röskun á samkeppni ef ekki eru settar skorður við langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði. Sú röskun getur strítt gegn markmiðum samkeppnislaga og þar með hagsmunum neytenda ef fyrirtæki getur athafnað sig á markaði án eðlilegs aðhalds frá lánardrottnum sínum og eiganda. Telja verður að fjárhagslegur styrkur eigandans skipti hér máli og „þol“ hans til að bíða með að fá fjármagn sitt til baka þar til að önnur fyrirtæki á sama markaði hafa eftir atvikum veikst eða helst úr lestinni. Þá er ljóst að ýmis vandamál skapast við hagsmunatengsl banka, sem liggja víða, og þær miklu upplýsingar sem bankarnir búa yfir um samkeppnisaðila og eftir atvikum viðskiptamenn á markaði. Þá verður ekki horft fram hjá því að bankarnir eru stórir viðskiptavinir á þjónustumörkuðum og í núverandi ástandi eru mörg félög þeim tengd. Getur því skapast hætta á óeðlilegum gerningum og misnotkun þeirrar aðstöðu. Þótt það sé til bóta að eignarhlutir í félögum séu í höndum sérstaks dótturfélags banka leysir það ekki allan vanda.“

Taldi áfrýjunarnefnd að unnt væri að draga úr eða koma í veg fyrir framangreind óæskileg áhrif sem fylgja eignarhaldi banka með því að setja samruna af þessum toga skilyrði:

„Að mati áfrýjunarnefndarinnar er nauðsynlegt að fyrirtækjum í eigu bankanna verði gert skylt að starfa eins sjálfstætt og unnt er á eðlilegum rekstrargrundvelli og að þeim verði ráðstafað innan eðlilegs tíma.“

Eitt af þeim atriðum sem réðu þessari niðurstöðu áfrýjunarnefndar er staða efnahagsmála á Íslandi en um hana segir svo í úrskurði áfrýjunarnefndar:

„Aðila greinir ekki á um það að aðstæður í íslensku efnahagslífi séu óvenjulegar um þessar mundir og að ekki sé unnt að útiloka að samsteypusamruni geti kallað á aðgerðir og telur Samkeppniseftirlitið að þetta geti átt við í tilvikum þar sem hið yfirtekna fyrirtæki var markaðsráðandi fyrir. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála tekur undir þetta en telur engu að síður að eftirlitið beri ekki að takmarka við þessi tilvik eins og málum er nú háttað hér á landi.“

4.1.3 Aðgerðir í kjölfar úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála

Úrskurður áfrýjunarnefndar nr. 18/2009 var á þá leið að ákvörðun Samkeppniseftirlitsins var ógilt og var lagt fyrir stofnunina að setja samruna Teymis og Vestia skilyrði til að koma í veg fyrir þau samkeppnislegu vandamál sem nefndin taldi stafa af samrunanum við þær sérstöku aðstæður sem uppi væru í íslensku atvinnulífi. Var það gert með ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2010 sem birt var 31. mars 2010. Sama dag voru einnig birtar ákvarðanir vegna yfirtöku Íslandsbanka hf. á bifreiðumboðunum Bifreiðum & Landbúnaðarvélum ehf. og Ingvari Helgasyni ehf. (ákvörðun nr. 8/2010) og yfirtöku Arion banka hf. á Högum hf. (ákvörðun nr. 6/2010).

Í þessum ákvörðunum eru sett skilyrði sem ætlað er að vinna gegn þeim miklu samkeppnishömlum sem stafað geta af hinu fordæmalaus ástandi í íslensku atvinnulífi og gerð er grein fyrir í framangreindu umræðuskjali og úrskurði áfrýjunarnefndar. Virk samkeppni gegnir lykilhlutverki við uppbyggingu eftir efnahagshrun, sbr. m.a. skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008 *Öflug uppbygging og opnun markaða*.⁵ Eru umrædd skilyrði mikilvæg í þessu sambandi. Skilyrðin í framangreindum málum eru sambærileg og umræddir bankar féllust á nauðsyn þess að þau væru sett. Í kjölfarið hafa fleiri yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum verið sett samskonar skilyrði og hafa þau mál einnig öll byggt á sátt.

Helstu skilyrði eru eftirfarandi:

- Selja skal viðkomandi atvinnufyrirtæki innan tiltekins tíma. Setja verður eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum þröngar tímaskorður í því skyni að takmarka samkeppniströskun, að teknu tilliti til hagsmuna bankans af því að hafa eðlilegt svigrúm til þess að auka eða viðhalda verðmæti þeirra eigna sem um ræðir. Sölufréttir eru mismunandi eftir aðstæðum í hverju máli. Um þá ríkir trúnaður, enda gætu slíkir tímafréttir, ef opinberir væru, haft óeðlileg áhrif á söluferli og söluverð.
- Tryggja skal að yfirtekin fyrirtæki starfi sem sjálfstæðir keppinautar á markaði. Þetta skal m.a. gert með því að fela sjálfstæðu eignarhaldsfélagi hvers banka rekstur viðkomandi fyrirtækja. Skal eignarhaldsfélag staðsett utan viðkomandi banka og rekið sem sjálfstætt félag. Ennfremur eru sett skilyrði um stjórnarsetu í viðkomandi eignarhaldsfélögum og atvinnufyrirtækjunum sjálfum. M.a. skal meirihluti stjórnarmanna í eignarhaldsfélögum eða atvinnufyrirtækjum vera óháður bönkunum.
- Setja skal viðkomandi atvinnufyrirtækjum eðlilegar arðsemiskröfur. Þetta er mikilvægt til þess að vinna gegn því að bankar sjái sér hag í því að auka virði yfirtekinna fyrirtækja með því að fjármagna undirboð eða auka markaðssókn og stækka þar með markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja. Skýr eigendastefna, kröfur til stjórnenda atvinnufyrirtækja og ákvæði um opinbera upplýsingagjöf um rekstur fyrirtækjanna eru þessu einnig til stuðnings. Er skilyrðunum jafnframt ætlað að takmarka þann freistnivanda (e. moral hazard) sem getur stafað af eignarhaldi banka í fyrirtækjum. Vandinn felst í því að hvati starfsmanna og stjórnenda til að reka fyrirtæki skynsamlega getur minnkað ef viðkomandi telja að fjársterkur aðili eins og banki muni koma til bjargar ef áhættusamar áætlanir ganga ekki eftir.
- Tengsl banka og atvinnufyrirtækja geta einnig leitt til þess að atvinnufyrirtækin sem tekin eru yfir eða önnur félög sem vega þungt í

⁵ Sjá hér einnig skýrslu norrænu samkeppnisfirvaldanna, „*Competition Policy and Financial Crises – Lessons Learned and the Way Forward*“ sem birt var í september 2009. Í henni kemur m.a. fram að af fjármálakreppum fyrri tíðar megi læra að aðgerðir sem miða að því að viðhalda og efla virka samkeppni stuðli að því að þjóðir vinni sig hraðar en ella upp úr efnahagslægdum. Sagan sýni einnig að aðgerðir sem feli í sér samkeppnishömlur hindri efnahagslegan bata og dragi kreppur á langinn.

útlánasafni bankanna beini viðskiptum sínum hvert til annars. Hagsmunir banka af endurheimt skulda kunna að vera best tryggðir með þessu móti til skamms tíma en að sama skapi væri samkeppni veruleg hættu búin ef bankar kæmu á þennan hátt í veg fyrir að atvinnufyrirtæki tækju ákvarðanir sem eru viðskiptalega skynsamlegastar á hverjum tíma. Ef viðkomandi fyrirtæki eru öflug á sínu sviði getur þetta leitt til þess að keppinautar útilokist frá mikilvægum viðskiptum. Bönkunum er því óheimilt að hlutast til um viðskipti milli hinna yfirteknu fyrirtækja og annarra fyrirtækja sem bankarnir eiga hluti í. Þannig er spornað gegn því að yfirtekið fyrirtæki og önnur fyrirtæki tengd viðkomandi banka beini viðskiptum sínum hvert til annars, án þess að eðlilegar forsendur um viðskiptakjör liggi til grundvallar.

- Bönkunum er óheimilt að hlutast til um viðskipti milli hinna yfirteknu fyrirtækja og viðskiptavina bankanna. Jafnframt skal tryggja að sömu aðilar innan hvers banka séu ekki viðskiptastjórar annars vegar yfirtekinna fyrirtækja og hins vegar viðskiptavina eða keppinauta hinna yfirteknu fyrirtækja. Þá skal tryggja að viðkvæmar upplýsingar berist ekki á milli þessara fyrirtækja.
- Birta skal ársuppgjör og hálfársuppgjör yfirtekinna fyrirtækja opinberlega. Jafnframt skal birta margvíslegar upplýsingar um starfsemi eignarhaldsfélaga og hinna yfirteknu fyrirtækja, auk upplýsinga um framkvæmd skilyrðanna. Þetta er gert til að tryggja gagnsæi í rekstri fyrirtækjanna.
- Tryggja skal ítarlegt og viðvarandi eftirlit innan bankanna með framkvæmd skilyrðanna, ásamt reglulegri skýrslugjöf til Samkeppniseftirlitsins. Ber bönkunum að tryggja að óháður aðili innan hvers banka geti með trúverðugum hætti fylgst með því að farið sé eftir skilyrðunum. Skal t.d. tryggt að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar telji hann þörf á. Þetta eftirlit er til viðbótar við almennt eftirlit sem Samkeppniseftirlitið hefur með því að fyrirtæki fari eftir samkeppnislögum og settum skilyrðum.

Auk yfirtöku Vestia á Teymi hefur Samkeppniseftirlitið síðar fjallað um yfirtöku Vestia á Húsasmiðjunni ehf. sbr. ákvörðun nr. 10/2010 og yfirtöku Vestia á Plastprenti hf. sbr. ákvörðun nr. 20/2010. Lauk máluðum öllum með sama hætti þannig að skilyrði voru lögð á Vestia og NBI í sátt við aðila. Skilyrðin voru í öllum tilvikum að meginstefnu til efnislega samhljóða. Þá var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um yfirtöku Vestia á Icelandic Group með bréfi sem barst 28. maí. Áður en rannsókn málsins lauk var tilkynnt um kaup FSÍ á Icelandic Group.

4.2 Niðurstaða

Hér á undan var fjallað um úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009. Í honum var komist að þeirri niðurstöðu að samkeppnisleg ógn stafi af „*langvarandi eignarhaldi lánardrottna á borð við banka að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði*“ við þær aðstæður sem nú ríkjá í íslensku efnahagslífi. Var einnig vísað til fjárhagslegs styrks slíks

eiganda og „þol hans til þess að bíða“ eftir því að fá fjármagn sitt til baka. Ljóst er að verulegur hluti fyrirtækja er laskaður eftir snögga gengislækkun íslensku krónunnar og hrun bankakerfisins. Jafnframt hafa eignir lækkað mjög í verði. Við slíkar aðstæður eykst til muna mikilvægi fjármálafyrirtækja.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eiga þau sjónarmið sem áfrýjunarnefndin rekur í úrskurði sínum nr. 18/2009 ekki að öllu leyti við um lífeyrissjóði. Það er hins vegar ljóst að lífeyrissjóðir taka við sparnaði og ávaxta hann. Við þá starfsemi komast lífeyrissjóðir óhjákvæmilega oft í þá stöðu að vera lánardrottinnar eða jafnvel stórir hluthafar einstakra atvinnufyrirtækja. Þar sem hverjum launamanni er skylt að lögum að greiða í lífeyrissjóð er ljóst að mikið fjármagn streymir í gegnum lífeyrissjóðakerfið. Svo sem að framan greinir eru eignir lífeyrissjóðanna afar miklar. Verður að telja að við núverandi aðstæður eigi engir innlendir aðilar jafn mikið fé til fjárfestinga og lífeyrissjóðirnir. Ekki hvað síst í ljósi þess að enn eru við lýði höft á viðskiptum með íslenskar krónur sem getur dregið mjög úr áhuga erlendra fjárfesta á því að fjárfesta á Íslandi. Þol lífeyrissjóðanna til þess að bíða eftir að fá fjármagn sitt til baka er umtalsvert auk þess sem þeir eiga í krafti stöðu sinnar hægt um vik með að leggja félögum til aukið eigið fé með þeim fyrirvara að á þeim hvíla ákveðnar lagaskyldur um ávöxtun. Þá er ljóst að samningsstaða lífeyrissjóðanna batnar til muna þegar fjárfestum fækkar og eignaverð er almennt lágt. Þá eru ótalin áhrif þeirrar samvinnu og hins sameiginlega slagkrafts sem felst í stofnun FSÍ. Skapar þetta allt eigendum FSÍ, og sjóðnum sjálfum, mjög sterka stöðu í íslensku atvinnulífi við núverandi aðstæður. Er að mati Samkeppniseftirlitsins því ljóst að ákvarðanir lífeyrissjóða í tengslum við fjárfestingar sínar geti haft umtalsverða þýðingu um eðli og uppbyggingu íslensks atvinnulífs til frambúðar.

Skapast jafnframt ákveðin hætta á því að fjárfestingar FSÍ hafi áhrif á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna sjálfra þannig að þeir t.a.m. haldi að sér höndum hvað varðar kaup á skuldabréfum útgefnum af keppinautum þeirra fyrirtækja sem FSÍ hefur yfirráð yfir eða á eignarhlut í. Starfsemi FSÍ getur þannig falið í sér hvata fyrir stærstu fjárfesta Íslands til þess að haga fjárfestingastefnu sinni með þeim hætti að dregið sé úr samkeppni.

Þá liggur fyrir að NBI mun eiga stóran hlut í FSÍ. Mun NBI ekki fara með yfirráð yfir félaginu en bankinn verður stærsti einstaki hluthafi FSÍ og mun hafa stjórnunaráhrif. Með því skapast margvísleg samkeppnisleg vandkvæði af sama toga og áfrýjunarnefnd samkeppnismála fjallaði um í úrskurði sínum nr. 18/2009. Jafnframt því skapast hætta á að NBI verði í lykilstöðu varðandi sölu á fullnustueignum vegna eignaraðildar sinnar. Ljóst er að eignaraðildinni fylgir aðgangur að ýmsum upplýsingum, þátttaka í stefnumótun og hlutdeild í fjárfestingarákvörðunum. Skapar eignaraðild NBI hættu á því að öðrum fjármálafyrirtækjum reynist erfitt að selja félög til FSÍ eða að öðrum fjármálafyrirtækjum reynist erfitt að fá viðskipti FSÍ en leiða má að því líkum að við sölu eigna FSÍ verði félaginu nauðsynlegt að kaupa töluverða þjónustu af fjármálafyrirtækjum t.d. við gerð útboðslýsinga og umsjón með almennum útboðum verðbréfa.

Þá geta víðfeðm eignatengsl á milli fyrirtækja í atvinnulífinu jafnframt haft skaðleg áhrif á samkeppni. Er það á meðal hlutverka Samkeppniseftirlitsins, sbr. d. lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga, að hafa eftirlit með stjórnunar- og eignatengslum og leita leiða eftir atvikum til þess að draga úr óæskilegum tengslum, valdasamþjöppun eða öðru sem getur takmarkað samkeppni. Öflugur fjárfestingasjóður lífeyrissjóðanna getur hæglega aukið

mjög óæskileg eignatengsl í íslensku atvinnulífi og stuðlað að óheppilegri blokkamyndun í íslensku atvinnulífi. Er mikilvægt að unnið sé gegn því að hér á landi verði til nýjar samkeppnishamlandi viðskiptablokkir. Fyrirtæki innan slíkra blokka hafa m.a. þá tilhneigingu að stunda helst viðskipti við önnur fyrirtæki innan sömu blokkar og halda þar með nýjum eða hagkvæmari keppinautum frá markaði. Miðað við áætlanir eigenda FSÍ getur sjóður þeirra að hámarki orðið 60 milljarðar króna. Fjárfesting FSÍ í Vestia nemur um fjórðungi þess fjár. Það er ekki útilokað að FSÍ geti orðið fjórum sinnum stærri sé miðað við þessar forsendur. Þá þarf að hafa í huga að eigendur FSÍ eru annars vegar öflugir fjárfestar hver fyrir sig en hins vegar NBI sem hefur töluverða markaðshlutdeild á viðskiptabankamarkaði.

Með vísan til framangreinds er mat Samkeppniseftirlitsins að sá samruni sem hér um ræðir leiði að óbreyttu til röskunar á samkeppni. Verði ekkert að gert telur Samkeppniseftirlitið einnig hættu á myndun óæskilegrar valdasamþjöppunar sem takmarkað getur samkeppni til lengri tíma litið. Þá er það einnig niðurstaða eftirlitsins að þau undirstöðurök sem fram koma í úrskurði áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2009 leiði til þess að heimilt sé að setja samrunanum skilyrði til þess að vinna gegn framangreindum hættum.

5. Íhlutun

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að setja samrunanum skilyrði sem tryggja m.a. samkeppnislegt sjálfstæði atvinnufyrirtækja í eigu FSÍ og takmarka áhrif eignarhluta NBI í FSÍ og áhrif eignarhalds FSÍ á atvinnufyrirtækjunum á viðkomandi mörkuðum.

Hin samkeppnislegu vandamál sem leiða af samruna þessum helgast annars vegar af núverandi styrk FSÍ sem fjárfestis á íslenska markaðnum og stærð eigenda hans en ljóst er að umsvif þeirra geta haft afgerandi áhrif á þróun samkeppnismarkaða á næstu árum. Hins vegar leiða vandamálin af verulegum eignarhlut NBI í FSÍ. Hin samkeppnislegu vandkvæði sem af samrunanum geta m.a. falist í þessu:

- Hættu á að viðkvæmar rekstrarupplýsingar berist á milli keppinauta.
- Hættu á að hlutast sé til um að fyrirtæki undir yfirráðum FSÍ beini viðskiptum sínum til annarra fyrirtækja undir yfirráðum FSÍ eða eigenda FSÍ og útiloki þar með keppinauta frá mikilvægum viðskiptum.
- Hættu á að lífeyrissjóðir eða NBI fjármagni viðvarandi taprekstur yfirtekis fyrirtækis og stjórnendur þess hafi ekki sömu hvata og áður til þess að reka fyrirtækið skynsamlega.
- Hættu á að NBI mismuni í viðskiptum sínum eða fjárfestingum þannig að félög undir yfirráðum FSÍ njóti betri eða verri viðskiptakjara en ætla mætti að óskyldur aðili myndi njóta.
- Hættu á að FSÍ beini viðskiptum sínum eða dótturfélaga sjóðsins til NBI án þess að málefnalegar forsendur búi þar að baki.
- Hættu á að fjárfestingar lífeyrissjóðanna og lánaþingreiðslur NBI taki mið af hagsmunum FSÍ af gengi tiltekinna atvinnufyrirtækja umfram önnur.

Til þess að draga úr þeim samkeppnislegu vandamálum sem af samrunanum leiða fela skilyrðin meðal annars í sér áskilnað um sjálfstæði stjórnar FSÍ þannig að hömlur eru

lagðar á það hverjir af starfsmönnum lífeyrissjóða og banka geti setið í stjórn FSÍ. Jafnframt er áskilinn tiltekinn fjöldi óháðra stjórnarmanna. Er þessum skilyrðum ætlað að draga úr hættunni á því að hagsmunir FSÍ eða einstakra félaga í eigu sjóðsins hafi áhrif á viðskiptastefnu NBI eða lífeyrissjóðanna. Hér vegast á sjónarmið um hættuna á því að aðrir hagsmunir eigenda FSÍ hafi óæskileg áhrif á starfsemi FSÍ og félaga undir yferráðum FSÍ og nauðsyn þess að eigendur FSÍ geti haft fullnægjandi eftirlit og stjórn á sjóðnum. Til frekari styrkingar sjálfstæði FSÍ og félaga í eigu sjóðsins eru skilyrði um upplýsingagjöf til eigenda og stjórnarmanna og skilyrði um sjálfstæði félaga í eigu FSÍ. Er sérstaklega áskilið að félög undir yferráðum FSÍ séu óháð NBI. Þá leggja skilyrðin bann við því að fjárfestingarstefnu FSÍ og lífeyrissjóða sé beitt saman til þess að hafa áhrif á samkeppni. Ljóst er að stærð lífeyrissjóðanna og FSÍ gerir þeim kleift að hafa úrslitaáhrif á starfsemi ýmissa fyrirtækja. Það hefði t.d. í för með sér röskun á samkeppni ef eigendur FSÍ myndu í fjárfestingarstarfsemi sinni vinna gegn aðgangi keppinauta dótturfélaga FSÍ að fjármagni.

Lúta skilyrðin ekki aðeins að þeim stjórnarmönnum sem lífeyrissjóðirnir skipa í stjórn FSÍ heldur jafnframt þeim stjórnarmanni eða stjórnarmönnum sem NBI skipar. NBI er í þeirri stöðu að sinna fjármálaþjónustu fyrir fyrirtæki auk þess sem bankinn hefur jafnframt mikla eigendahagsmuni á þeim mörkuðum sem félög undir yferráðum FSÍ starfa. Gera skilyrðin því ráð fyrir að NBI sé heimilt að skipa einn af starfsmönnum sínum í stjórn FSÍ, séu í stjórninni sjö stjórnarmenn líkt og nú er. Er jafnframt áskilið að viðkomandi starfsmaður skuli ekki starfa á tilteknum sviðum þar sem ætla má að meiri hætta geti verið á því að miðlað verði viðkvæmum upplýsingum um keppinauta viðkomandi atvinnufyrirtækis eða upplýsingum sem skapa NBI forskot í samkeppni sinni við aðra viðskiptabanka.

Skilyrðin gera ráð fyrir því að FSÍ kaupi fjármálaþjónustu á viðskiptalegum forsendum þannig að NBI njóti ekki sérstaks forgangs á grundvelli eignarhlutar bankans. Í því felst ekki að FSÍ beri að beina öllum viðskiptum sínum til keppinauta NBI heldur aðeins að í tilvikum þar sem kaupa þurfi fjármálaþjónustu verði hún keypt að undangenginni málefnalegri skoðun á því hvar hagfelldast sé að kaupa slíka þjónustu. Ákvæðið tekur ekki til þeirra samninga sem FSÍ hefur þegar gert um fjármálaþjónustu.

Þá er jafnframt áskilið að stjórnarmanni þeim sem starfar fyrir NBI sé óheimilt að miðla trúnaðarupplýsingum til FSÍ og félaga undir yferráðum þess sem viðkomandi starfsmaður býr yfir stöðu sinnar vegna. Er ennfremur óheimilt að miðla trúnaðarupplýsingum um FSÍ til NBI og viðskiptavina hans. Ákvæðið taki til upplýsinga sem stjórnarmaðurinn hafi aðgang að í störfum sínum fyrir bankann og á vettvangi stjórnar FSÍ og ekki eru opinberar. Svo sem vikið hefur verið að er þessu ákvæði stefnt gegn hættunni á því að stjórnarmaður NBI í FSÍ miðli upplýsingum um fyrirhuguð kaup og sölu fyrirtækja eða öðrum upplýsingum sem kunna að styrkja NBI í samkeppni við aðra viðskiptabanka. Er sú hætta jafnframt fyrir hendi að starfsmaður NBI miðli upplýsingum um atvinnufyrirtæki NBI og viðskiptakjör þeirra hjá öðrum bönkum eða aðra þætti sem að gagni kunna að koma. Er ákvæðinu ætlað að banna alla slíka miðlun upplýsinga. Þær upplýsingar sem ákvæðið fjallar um eru almennt þess eðlis að þær falla undir þagnarskylduákvæði 58. gr. laga um fjármálafyriræki.

Til þess að koma í veg fyrir mögulega samhæfingu viðskiptastefnu félaga í eigu FSÍ eru ýmsar skyldur lagðar á FSÍ sem miða að því að auka sjálfstæði félaga í eigu FSÍ og tryggja að þau starfi samkvæmt skýrt skilgreindum arðsemisviðmiðum. Er meðal annars gert ráð fyrir því að eigendur FSÍ komi ekki að stjórnun félaga í eigu FSÍ án þess þó að girt sé fyrir að starfsmenn FSÍ sitji í stjórnun félaga sem sjóðurinn á eignarhlut í.

Er jafnframt kveðið á um það að FSÍ móti hverju félagi sjálfstæða eigendastefnu og setji félögum í sinni eigu sjálfstæð rekstrarmarkmið. Þar á meðal skal gerð krafa um eðlilega arðsemi af fjárfestingunum. Með því er ekki gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan verði ávallt jákvæð heldur er arðsemismarkmiðinu ætlað að styðja við þá meginreglu skilyrðanna að félög í eigu FSÍ skuli rekin sem sjálfstæð fyrirtæki. Er arðsemiskröfunni jafnframt ætlað að vinna gegn mögulegum freistnivanda stjórnenda fyrirtækja í eigu FSÍ en sú hættu er fyrir hendi að framkvæmdastjórar fyrirtækja sem komast í eigu banka og lífeyrissjóða við þær aðstæður sem nú ríkja líti svo á að aðgangur að fjármagni verði eftirleiðis greiður óháð frammistöðu félaganna.

FSÍ er markaður ákveðinn starfstími af eigendum sjóðsins og er ráðgert að hafi eignir hans ekki verið seldar fyrir lok þess tíma muni eigendurnir eignast hlutabréf í eigu FSÍ í samræmi við eignarhlut sinn í sjóðnum. Má því ætla að eignarhald lífeyrissjóðanna verði ekki til langframa þó að það kunni að vara um nokkurn tíma. Samkeppniseftirlitið hefur í ákvörðunum sínum talið æskilegt að takmarka eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum mjög og hafa þeim verið settir ákveðnar frestir til sölu eigna en um þá hefur eðli málsins samkvæmt ríkt trúnaður. Umræddir tímafrestir eru mikilvægir til að takmarka samkeppnishindranir sem hlotist geta af hinu tvíþætta hlutverki banka við núverandi aðstæður, þ.e. að veita fyrirtækjum fjármálaþjónustu annars vegar og að eiga atvinnufyrirtæki hins vegar. Sökum eðli bankastarfsemi skapar eignarhald banka á atvinnufyrirtækjum sérstök vandamál, sbr. m.a. framangreindan úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

FSÍ er ekki banki og með kaupum sjóðsins á Vestia eru dótturfélög Vestia ekki lengur undir yfirráðum NBI. Samruni þessa máls hefur því að þessu leyti jákvæð áhrif þó honum fylgi önnur samkeppnisleg vandamál, sbr. nánar hér að framan. Þetta allt leiðir til þess að Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til þess að setja ákveðna sölufresti í máli þessu. Er eignarhaldi FSÍ á fyrirtækjunum því ekki markaður ákveðinn tími og við það miðað að önnur skilyrði dugi til þess að leysa hin samkeppnislegu vandamál. Á hinn bóginn er í ákvörðun þessari mælt fyrir um að gera skuli söluáætlun vegna félaga sem eru undir yfirráðum FSÍ, sem uppfæra skuli ár hvert. Í söluáætlun skal að lágmarki greina í hvaða horfi rekstur félaga undir yfirráðum FSÍ er, hverjar aðstæður er til sölu viðkomandi félags og hvenær og með hvaða hætti FSÍ áætlað að selja viðkomandi félag. Söluáætlunin er hluti af reglulegri upplýsingagjöf FSÍ til Samkeppniseftirlitsins, ásamt því að sjóðnum er gert að birta opinberlega almenn markmið um sölu félaga undir yfirráðum hans og mat á því hvernig fyrri markmið hafa gengið eftir.

Til viðbótar við framangreint gera skilyrðin ráð fyrir því að eignir FSÍ séu almennt seldar í opnu og gagnsæju sölufarli sé þess nokkur kostur. Telur Samkeppniseftirlitið að með því sé m.a. unnið gegn mögulegri hættu á því að á Íslandi myndist stórar viðskiptablokkir með veruleg efnahagsleg völd. Er Samkeppniseftirlitinu meðal annars falið að vinna gegn slíkum eignatengslum sbr. d-lið 1. mgr. 8. gr. samkeppnislaga. Ákvæði sáttarinnar

útiloka þó ekki annað fyrirkomulag við sölu, t.d. að selja félögin til erlendra aðila sem hafa reynslu af rekstri á viðkomandi markaði. Telur Samkeppniseftirlitið að ákvæðið takmarki ekki möguleika FSÍ til þess að hámarka söluverðmæti eigna félagsins. Þar sem ákvæðið mælir fyrir um að leitast skuli við að selja félög í opnu og gagnsæju ferli felst í því að FSÍ þurfi að taka afstöðu til sölufyrirkomulags í hverju tilfalli og vera reiðubúið að gefa skýringar á sölufyrirkomulaginu opinberlega eða gagnvart SE sé frá því vikið.

Jafnframt þessum efnislegu skilyrðum er gert ráð fyrir því að FSÍ og NBI upplýsi opinberlega um tiltekna þætti í starfsemi FSÍ og dótturfélaga sjóðsins. Er jafnframt gert ráð fyrir virku innra eftirliti af hálfu FSÍ og NBI og reglulegri upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins.

Ákvörðunarorð ákvörðunar þessarar miðast við þekktar upplýsingar um FSÍ og fyrirtæki í eigu sjóðsins. Skal áréttað að ákvæði um upplýsingaskyldu, þar með talið opinbera birtingu ársreikninga, tekur til fyrirtækja sem nú eru undir yfirlitum sjóðsins. Í því felst ekki skylda til þess að birta ársreikninga allra félaga í skilningi félagaréttar sem til sjóðsins heyra. Skylda ákvæði um opinbera birtingu ársreikninga og árshlutauppgjöra sjóðinn þannig aðeins til þess að birta uppgjör þeirra fyrirtækja sem voru í eigu Vestia fyrir samrunann og gerð hefur verið nánari grein fyrir hér á undan. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri ákvörðunum sett skilyrði um upplýsingagjöf vegna yfirtöku Vestia á Húsasmiðjunni, Teymi og Plastprent en umfjöllun um yfirtöku NBI á Icelandic Group var ekki lokið þegar tilkynnt var um kaup FSÍ á Vestia. Opinber upplýsingagjöf kemur eðli máls samkvæmt að nýju til skoðunar öðlist FSÍ yfirlit yfir öðrum félögum en nú er. Samkeppniseftirlitið telur að í vissum tilvikum geti ítarleg birting uppgjöra og þá sérstaklega árshlutauppgjöra haft skaðleg áhrif á fyrirtæki í samkeppnisrekstri. Geti FSÍ rökstutt að líkur standi til þess að opinber birting uppgjöra geti haft neikvæð áhrif á samkeppni mun Samkeppniseftirlitið endurskoða skyldu FSÍ til þess að birta opinberlega ársreikninga eða árshlutauppgjör.

Skilyrði sem sett eru í þessu máli byggja á núverandi eignarhaldi FSÍ á atvinnufyrirtækjum. Taki FSÍ yfir fleiri atvinnufyrirtæki getur það leitt til þess að skilyrði sem sett verða í hugsanlegum nýjum samrunamálum sem varða FSÍ verði að einhverju leyti önnur en þau sem sett eru hér.

III.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Framtakssjóðs Íslands slfh. á Eignarhaldsfélaginu Vestia ehf. og meirihluta hlutafjár í Icelandic Group hf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setningu á eftirfarandi skilyrðum er ekki þörf á að ógilda samrunann:

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum og öðrum samkeppnishindrunum

1.1

Almennt

Markmið ákvörðunar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi FSÍ og óbeinu eignarhaldi eigenda hans á atvinnufyrirtækjum á samkeppnismörkuðum.

1.2

Sjálfstæði stjórnna FSÍ og fyrirtækja sem hann á hlut í

Við skipan stjórnna FSÍ, félaga undir yferráðum sjóðsins og fyrirtækja sem hann á hlut í skal stuðla að samkeppnislegu sjálfstæði félaganna með eftirfarandi hætti:

- a) Meirihluti stjórnarmanna í FSÍ skal vera óháður lífeyrissjóðum sem eiga hlut í sjóðnum. Stjórnarmaður telst óháður ef hann er ekki starfsmaður eða stjórnarmaður hjá lífeyrissjóðum sem eiga hlut í FSÍ eða fyrirtækjum sem þeir eiga meira en 5% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður framangreindum aðilum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstöfum fyrir framangreinda aðila uppfylla ekki þetta skilyrði.
- b) NBI er heimilt að skipa einn fulltrúa í stjórn FSÍ, sem ekki er óháður bankanum miðað við þá skilgreiningu á óhæði sem fram kemur í a-lið. Skal hann þó ekki starfa á sviðum fyrirtækjabanka, markaða og fjárstýringar né endurskipulagningar eigna.
- c) Framkvæmdastjórar þeirra lífeyrissjóða sem eiga hlut í FSÍ skulu ekki sitja í aðalstjórn sjóðsins.
- d) Þeir sem FSÍ skipar í stjórnir félaga sem eru undir beinum eða óbeinum yferráðum sjóðsins eða félögum sem sjóðurinn á eignarhlut í með beinum eða óbeinum hætti skulu vera óháðir eigendum FSÍ í skilningi a-liðar.
- e) Stjórnarmenn sem sitja í stjórnnum félaga fyrir tilstuðlan eignarhlutar FSÍ í viðkomandi félagi skulu ekki vera tengdir keppinautum viðkomandi félags í gegnum stjórnarsetu eða beint eignarhald.

1.3

Rekstur félaga undir yferráðum FSÍ

Rekstur félaga undir yferráðum FSÍ skal byggður á viðskiptalegum forsendum. Það skal m.a. tryggt með eftirfarandi hætti:

- a) FSÍ skal móta sjálfstæða eigendastefnu og setja félögum undir yferráðum FSÍ sjálfstæð rekstrarmarkmið. Hafa skal eðlileg arðsemissjónarmið að leiðarljósi í rekstri félaganna að teknu tilliti til fjárhagsstöðu þeirra og þess markaðar sem hvert félag starfar á. FSÍ skal gera skýrar kröfur til stjórnenda félaga sem FSÍ hefur yferráð yfir um að þeir fylgi eigendastefnunni og kröfu um eðlilega arðsemi.
- b) Rekstur félaga undir yferráðum FSÍ og fjárfestingar þeirra skulu fjármagnaðar með formlegum samningum. Öll fjármögnun FSÍ

og eigenda FSÍ á starfsemi félaga sem FSÍ hefur yfiráð yfir skal vera líkt og um óskylda aðila sé að ræða.

1.4

Sjálfstæði félaga undir yfiráðum FSÍ og gagnvart eigendum

Tryggja skal sjálfstæði félaga sem eru undir yfiráðum FSÍ og á þeim mörkuðum sem félögin starfa á. Skal það meðal annars tryggt með því að:

- a) Stjórn og starfsmönnum FSÍ er óheimilt að grípa til ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði félaga undir yfiráðum FSÍ eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem félögin starfa á. Þannig er stjórn og starfsmönnum FSÍ t.d. óheimilt að beina fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna eða starfsmanna sem miða að eða geta haft skaðleg áhrif á samkeppni.
- b) Viðskipti á milli félaga sem eru undir yfiráðum FSÍ skulu vera eins og á milli óskyldra aðila. FSÍ skal ekki beina tilmælum eða reyna að hafa áhrif á hvar félög undir yfiráðum FSÍ kaupa aðföng og/eða þjónustu.

1.5

Sjálfstæði FSÍ og félaga undir yfiráðum FSÍ gagnvart NBI

Eignaraðild NBI að FSÍ skal ekki hafa áhrif á viðskiptastefnu og samkeppnislegt sjálfstæði félaga undir yfiráðum sjóðsins eða skaða samkeppni á fjármálamarkaði. Skal það meðal annars tryggt með eftirfarandi hætti:

- a) Stjórnir FSÍ og félaga undir yfiráðum hans skulu vera sjálfstæðar gagnvart NBI, sbr. gr. 1.2, b-liður.
- b) Stjórnarmanni NBI í FSÍ er óheimilt að miðla upplýsingum til FSÍ og félaga undir yfiráðum FSÍ sem hann býr fyrir vegna starfa sinna fyrir bankann, um keppinauta og viðskiptavinum þeirra félaga sem eru í beinni eða óbeinni eigu FSÍ og NBI á í viðskiptum við. Er honum jafnframt óheimilt að miðla upplýsingum til viðskiptavina NBI og sviða bankans samkvæmt c-lið greinar 1.2 sem hann býr yfir vegna stjórnarsetu sinnar, um starfsemi félaga sem eru í beinni eða óbeinni eigu FSÍ til viðskiptavina NBI.
- c) Starfsmenn NBI hf. undanskildum stjórnarmanni NBI skulu ekki hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum um starfsemi FSÍ.
- d) NBI skal ekki hafa afskipti af viðskiptum félaga undir yfiráðum FSÍ í gegnum eignaraðild sína að sjóðnum. Er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að félög undir yfiráðum FSÍ beini viðskiptum sínum til tiltekinna aðila.
- e) NBI skal ekki hafa afskipti af viðskiptum milli félaga undir yfiráðum FSÍ og annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir hans beini viðskiptum sínum til félaga undir yfiráðum FSÍ eða að félög undir yfiráðum FSÍ beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

- f) FSÍ er óheimilt að afhenda NBI upplýsingar um bankaviðskipti félaga undir yfirráðum FSÍ, eða viðskiptakjör þeirra hjá öðrum viðskiptabönkum.
- g) Um fjármögnun félaga undir yfirráðum FSÍ skal fara samkvæmt b-lið greinar 1.4.
- h) Kaup FSÍ á fjármálaþjónustu frá gildistöku skilyrða þessara skulu byggja á viðskiptalegum forsendum þannig að keppinautar á fjármálamarkaði njóti jafnræðis óháð eignarhaldi á FSÍ..
- i) Ákvarðanir um fjárfestingar FSÍ skulu teknar á viðskiptalegum forsendum þannig að keppinautar á fjármálamarkaði njóti jafnræðis óháð eignarhaldi á FSÍ.

1.6

Fjárfestingarstefna lífeyrissjóða og FSÍ

Tryggja skal að fjárfestingar FSÍ hafi ekki áhrif á fjárfestingastefnu eigenda FSÍ og að fjárfestingar lífeyrissjóða hafi ekki áhrif á stefnu FSÍ. Skulu lífeyrissjóðirnir og FSÍ byggja fjárfestingar sínar á viðskiptalegum grunni. Stuðlað skal að þessu m.a. með eftirfarandi hætti:

- a) Tryggja skal sjálfstæði stjórnna FSÍ og félaga sem eru undir yfirráðum FSÍ gagnvart lífeyrissjóðum sem eiga eignarhlut í FSÍ, sbr. gr. 1.2.
- b) Tryggja skal að trúnaðarupplýsingar um rekstur félaga í eigu FSÍ berist ekki til eigenda FSÍ eða ráðgjafaráðs FSÍ, að undanskildum þeim stjórnarmönnum FSÍ sem jafnframt starfa hjá eigendum FSÍ.
- c) Ráðgjafaráð FSÍ skal skrá alla fundi sína og halda fundargerðir, sem aðgengilegar skulu Samkeppniseftirlitinu.
- d) Ráðgjafaráðið veitir umsögn um fjárfestingarstefnu FSÍ en fjallar ekki um einstakar fjárfestingar.
- e) Ráðgjafaráðið skal ekki ræða tengsl fjárfestinga FSÍ við fjárfestingar lífeyrissjóðanna eða möguleg áhrif fjárfestingarstefnu FSÍ á fjárfestingar einstakra lífeyrissjóða.
- f) Ráðgjafaráð FSÍ skal ákveða með hvaða hætti framangreint verði tryggt og tilkynna Samkeppniseftirlitinu þar um eigi síðar en 21. febrúar 2011.

1.7

Skuldbinding stjórnarmanna og starfsmanna

Stjórnarmenn og starfsmenn FSÍ, auk bankastjóra og framkvæmdastjóra NBI, skulu undirrita yfirlýsingu þar sem því er lýst yfir að viðkomandi hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti.

2.

Sala eigna FSÍ

Leitast skal við að selja félög undir yfirráðum FSÍ í fyrirfram skilgreindu og gagnsæju ferli, t.d. í opnu sölufarli eða með skráningu í kauphöll að

undangengnu útboði í samræmi við ákvæði laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Söluáætlun vegna félaga sem eru undir yferráðum FSÍ skal liggja fyrir við gildistöku ákvörðunar þessarar og uppfærð m.v. 15. mars ár hvert. Í söluáætlun skal að lágmarki greina í hvaða horfi rekstur félaga undir yferráðum FSÍ er, hverjar aðstæður er til sölu viðkomandi félags og hvenær og með hvaða hætti FSÍ áætla að selja viðkomandi félag. Séu eignir seldar skal grein gerð fyrir því næst þegar söluáætlunin er uppfærð.

Skal söluáætlunin jafnframt uppfærð reglulega og vera hluti af reglulegri upplýsingagjöf FSÍ skv. ákvæði 4.1.

3.

Upplýsingagjöf

3.1

Opinber upplýsingagjöf um starfsemi FSÍ og framkvæmd á skilyrðum FSÍ skal birta á heimasíðu sinni upplýsingar um eftirfarandi að lágmarki:

- a) Skipan stjórnar FSÍ og starfsmenn.
- b) Lista yfir eignarhluti FSÍ í einstökum fyrirtækjum og stærð þeirra, ásamt upplýsingum um fulltrúa FSÍ í stjórnun viðkomandi fyrirtækja.
- c) Upplýsingar um ráðgjafarráð FSÍ, þar með talið hverjir skipi ráðgjafarráðið og hvaða hlutverki það þjónar.
- d) Almenn markmið um sölu félaga undir yferráðum FSÍ og eignarhluta í eigu FSÍ og mat á því hvernig fyrri markmið hafa gengið eftir.
- e) Almennar upplýsingar um hvernig FSÍ hyggst tryggja að ákvörðun þessari sé fylgt.

3.2

Opinber upplýsingagjöf um starfsemi félaga undir yferráðum FSÍ Eftirfarandi upplýsingar um starfsemi og rekstur félaga undir yferráðum FSÍ skulu vera aðgengilegar opinberlega, t.d. á heimasíðu félagsins:

- a) Upplýsingar um skipan stjórnar félaganna ásamt upplýsingum um forstjóra félaganna. Þá skal upplýsa um allar breytingar á skipan stjórnar þegar þær eiga sér stað.
- b) Upplýsingar um stærð eignarhlutar FSÍ og breytingar á honum, þegar þær eiga sér stað.
- c) Birta skal opinberlega ársreikninga og hálfársuppgjör félaga undir yferráðum FSÍ. Birtingin skal fara fram eigi síðar en þremur mánuðum eftir að uppgjörstímabili lýkur. Ársreikningar og hálfársuppgjör skulu að lágmarki innihalda rekstrarreikninga, efnahagsreikninga, sjóðsstreymisyfirlit og eiginfjáryfirlit viðkomandi félaga fyrir viðkomandi tímabil ásamt útreikningi á hreinum hagnaði á hlut fyrir árið/tímabilið. Skulu birtir reikningar félaganna vera útbúnir í samræmi við ákvæði laga nr. 3/2006 um

ársreikninga og framsetning þeirra vera nægilega ítarleg til þess að gefa glögga mynd af rekstrinum. Jafnframt skal gera grein fyrir áritun endurskoðenda séu reikningar félaganna endurskoðaðir.

4.

Eftirlit

4.1

Eftirlitsaðili FSÍ og NBI

FSÍ skal fela starfsmanni sjóðsins, eða óháðum aðila sem stjórn FSÍ velur, það hlutverk að hafa eftirlit með því að skilyrðum ákvörðunar þessarar sé fylgt. Skal t.d. tryggd að eftirlitsaðilinn geti aflað sér utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar ef hann telur þörf á því. Jafnframt skal NBI fela óháðum aðila eða aðilum eftirlit með því að skilyrðum ákvörðunar þessarar sé fylgt. Skal sá aðili vera óháður að því leyti að hann skal ráðinn af stjórn NBI og kemur ekki með neinum hætti að framkvæmd skilyrða ákvörðunar þessarar eða starfsemi bankans eða eignarhaldsfélagsins sem tengist skilyrðum ákvörðunarinnar. Skal upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 21. febrúar nk. um hvernig framangreint verður tryggt og með hvaða hætti eftirlitsaðilar NBI og FSÍ munu tryggja að neðangreindar upplýsingar berist Samkeppniseftirlitinu.

Eftirlit samkvæmt 1. mgr. skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:

a) Gagnvart eftirlitsaðila FSÍ:

- i. Að gengið sé úr skugga um hvort farið hafi verið að ákvörðun þessari af hálfu FSÍ og eigenda FSÍ. Í því felst mat á því hvort verkferlar FSÍ séu fullnægjandi og hvort farið hafi verið eftir þeim.
- ii. Sérstaklega skal kannað hvort eðlileg arðsemissjónarmið séu höfð að leiðarljósi í rekstri félaga sem eru undir yferráðum FSÍ.
- iii. Fylgjast skal með því að stjórnarmenn FSÍ og annarra félaga eftir því sem við á uppfylli skilyrði ákvörðunar þessarar.
- iv. Fylgjast skal með því að viðskipti FSÍ og félaga undir yferráðum FSÍ við NBI og félög í eigu bankans séu í samræmi við ákvæði ákvörðunar þessarar.
- v. Fylgjast skal með því hvort verulegar breytingar verða í rekstri þeirra félaga sem FSÍ hefur yferráð yfir, s.s. með sölu tiltekinna rekstrareininga, opnun eða lokun þeirra.
- vi. Fylgjast skal með framvindu söluferla þeirra félaga sem eru undir yferráðum FSÍ.

b) Gagnvart eftirlitsaðila NBI:

- i. Fylgjast skal með því að viðskipti NBI og félaga í eigu bankans við FSÍ og félög undir yferráðum FSÍ séu í samræmi við ákvæði ákvörðunar þessarar.

Eftirlitsaðilar skv. 1. mgr. skulu senda Samkeppniseftirlitinu skýrslu um starf sitt fyrir lok apríl og októbermánaða. Skýrslur eftirlitsaðila skulu að lágmarki geyma þær upplýsingar og mat sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar.

5.

Brottfall skilyrðanna

Nú missir FSÍ yferráð yfir Vestia og þeim félögum öllum sem voru andlag kaupsamnings FSÍ og NBI og skulu skilyrði þessi þá falla í brott. Skilyrðin taka ekki til einstakra félaga frá og með því tímamarki er þau hætta að vera undir yferráðum FSÍ og Vestia. Skal FSÍ og NBI jafnframt heimilt á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi vegna breyttra forsendna sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga að hluta eða í heild.

6.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga."

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson